



## Leikskólinn Arnarsmári



## Skýrsla vegna umsóknar um Grænfána 2014

Hildur Kristín Helgadóttir og Rannveig Jónsdóttir tóku saman

## Efnisyfirlit:

Leikskólinn .....	3
Umhverfisnefndin.....	4
Mat á stöðu umhverfismála .....	5
Áætlun um aðgerðir og markmið .....	5
Eftirlit og endurmat .....	7
Fræðsla .....	7
Kynning á stefnunni .....	8
Umhverfissáttmálinn .....	8
Umhverfisgátlisti .....	9

## Leikskólinn

Leikskólinn Arnarsmári sem stendur á Nónhæð í Kópavogi tók til starfa 7. janúar 1998.

Leikskólinn er fjögurra deilda, tvær deildir eru fyrir eins til þriggja ára börn og tvær fyrir þriggja til fimm ára börn. Fimmta deildin, Gulldeildin er sett á laggirnar í maí og starfar fram í ágúst. Þar er elsti árgangur skólans sameinaður af báðum eldri deildunum. Þessa síðustu mánuði leikskóladvalarinnar er lýðræði, sjálfræði og frumkvæði æft af kappi.

Frá haustinu 2009 til vors 2012 var Arnarsmári í þróunarverkefni um útikennslu og frá þeim tíma hafa útikennsla og vettvangsferðir skipað stóran þátt í starfsemi skólans. Árið 2012 varð Grænfanapemað lýðheilsa fyrir valinu þar sem það tengist mjög því starfi skólans.

Í Arnarsmára er starfað samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 og Aðalnámsrá leikskóla sem menntamálaráðuneytið gaf út 2011.

Frjáls leikur er aðalatriðið í öllu starfi í Arnarsmára, þar sem ímyndunarafl og sköpunargleði barnanna fær að njóta sín og lögð er áhersla á að efniviður skólans sé breytilegur, sveigjanlegur og skapandi og bjóði upp á fleiri en eina lausn.

Markmið Arnarsmára er að laða fram í fari barnanna *frumkvæði, vináttu og gleði*.

*Frumkvæði* í hugsun, leik og starfi, ýta undir skapandi hugsun, að börnin leiti sjálf lausna í verkefnum, leysi sjálf deilur á jákvæðan hátt, ýta undir sjálfshjálp þeirra o.fl.

*Vináttu*, samkennd, góð samskipti, samhjálp, samvinnu; þetta eru þeir þættir sem ýtt er undir og lögð áhersla á að kenna börnunum.



*Gleði;* með því að ýta undir frumkvæði og vináttu og með því að hafa skýrar reglur þ.e. aga, þá verða börnin örugg um sig, líður vel og eru ánægð. Börnunum er kennt að nálgast hvert annað og leysa deilur á jákvæðan og uppbyggilegan hátt, þ.e. án ofbeldis.

Í tengslum við einkunnarorð skólans er lögð áhersla á ræktun ákveðinna dyggða. Þær eru iðjusemi, virðing, hlýðni/agi, heiðarleiki, fyrirgefning, tillitssemi og kurteisi. Unnið er sérstaklega með hverja dyggð fyrir sig í fimm til sjö vikur í senn og þar er auðvelt að koma inn umhverfismenntinni sbr. bera virðingu fyrir náttúrunni o.fl.



## Umhverfisnefndin

Valið er í umhverfisnefndina eftir áhuga kennara en jafnframt hugað að því að einn komi frá hverri deild og eldhúsi. Einnig er fulltrúi foreldra í nefndinni. Fundað er á fimm vikna fresti.

Nefndin hefur skipulagt alla umhverfismenntina í skólanum, lagt það svo fyrir aðra kennara sem koma með athugasemdir ef þurfa þykir. Nefndinni hefur tekist vel til. Hún hefur kynnt sér umhverfismennt í öðrum leikskólum með heimsóknum og einnig hefur hún skoðað heimasíður skóla sem eru annað hvort skólar á grænni grein eða með Grænfánann. Inni á heimasíðu skólans eru fundargerðir umhverfisnefndar:

<http://arnarsmari.kopavogur.is/umskolann/namid/umhverfisvernd/fundargerdir-umhverfisnefndar/>



Elstu börnin í Arnarsmára sem kölluð eru Gullmolar skipa umhverfisráð. Umhverfisráðið heldur fundi aðra hverja viku og ræðir ýmis mál er varða þetta verkefni og vinna að endurnýtingu sbr. pappírsgerð. Einnig fara „umhverfiseftirlitsmenn“ og kanna hvernig gengur bæði úti og inni og

benda hinum á hvað betur megi fara. Það eru fjórir umhverfiseftirlitsmenn skipaðir á tveggja vikna fresti þannig að öll börnin í umhverfisráðinu fá að vera „umhverfiseftirlitsmenn“. Á heimasíðu skólans eru fundargerðir umhverfisráðs:

<http://arnarsmari.kopavogur.is/um-skolann/namid/umhverfisvernd/fundargerdir-umhverfisrads/>

## Mat á stöðu umhverfismála

Til að meta stöðu umhverfismála í leikskólanum var gátlisti Landverndar fylltur út af umhverfisnefndinni og í framhaldi skoðað hvað betur mætti fara. Einnig voru haldnir fundir í umhverfisráði þar sem börnin komu með hugmyndir um hvað væri hægt að gera betur til að skólinn yrði umhverfisvænni.

Þetta ferli var endurtekið nú þegar sótt er um Grænfánann í þriðja sinn.

## Áætlun um aðgerðir og markmið

Þema Arnarsmára sl. tvö ár hefur verið lýðheilsa. Markmiðið með þessu þema var að bæta heilsu barna og kennara og auka vellíðan þeirra, bæði andlega og líkamlega. Það var gert með því að leggja áherslu á holla næringu, útiveru, hreyfingu,



snyrtimennsku og með umræðum um heilbriggt líferni almennt. Þannig og með iðkun dyggða teljum við að einkunnarorð skólans; frumkvæði, vinátta og gleði fái að blómstra í leikskólanum og börnum og kennurum líði vel, andlega og líkamlega. Á meðfylgjandi hugarkorti má sjá hvernig unnið var með þetta þema í skólanum;

<http://arnarsmari.kopavogur.is/media/leikskoli/Lydheilsa.pdf>

Á árunum 2010-2012 var Arnarsmári í Comeniusarsamstarfi við leikskóla í Belgíu, Svíþjóð, Ítalíu, Póllandi, og Tyrklandi sem bar nafnið „Heilbrigð lítil sál í hraustum litlum líkama“ sem tengist mjög lýðheilsheilsupemanu. Með verkefninu var markmiðið að börnin yrðu meðvituð um mikilvægi heilbrigðs líferniss. Skipst var á heilsukössum sem höfðu að geyma allskyns dæmi og hugmyndir til að ýta undir heilbrigðan lífsstíl, eins og úti- og innileiki, söngva, uppskriftir og annað námsefni sem kennarar og nemendur gátu nýtt sér. Með því að sjá til þess að börnin borði hollan mat og hreyfi sig meira en áður og kenna þeim að iðka dyggðir og huga að umhverfi og náttúru er von til þess að börnin verði betur meðvituð um mikilvægi þess að huga vel að líkama og sál.

Síðastliðið haust fékk Arnarsmári verðlaun frá Evrópusambandinu (Alþjóðaskirfstofu Íslands) fyrir þetta „fyrirmyndarverkefni“, sem afhent voru við hátíðlega athöfn í Listasafni Reykjavíkur. Verkefnið þótti vel skipulagt og fjölbreytt. Einnig þótti samstarf við kennara þáttökulandanna og foreldra barnanna til fyrirmyndar.





## Eftirlit og endurmat

Umhverfisnefndin fundar reglulega og metur stöðuna; hvernig gengur og hvort farið sé eftir settum markmiðum og hvort eitthvað megi bæta eða breyta. Einnig eru umhverfiseftirlitsmennirnir stöðugt á ferðinni til meta stöðuna. Gátlisti Landverndar er hafður til hliðsjónar varðandi eftirlit og endurmat. Umhverfisnefndin er afar ánægð með hversu allir sem koma að þessu verkefni eru jákvæðir og samstíga. Þetta er orðin hluti af menningu skólans.

## Fræðsla



Aðra hverja viku er haldinn fundur í umhverfisráði sem skipað er elstu börnunum. Þar er staðan rædd og pappír endurunninn. Öll börnin í skólanum taka þátt í moltun, flokkun og endurnýtingu. Skrifaðar eru fundargerðir og er hægt að finna þær á heimasíðu skólans ásamt öllu því sem viðkemur

Grænfánaverkefninu. Sú umhverfisfræðsla sem fram fer í Arnarsmára skilar sér, því foreldrar fá að heyra frá börnunum hvað verið er að gera og segja starfsfólki frá áhugasömum umræðum heima fyrir. Kennarar nota hvert tækifæri til að koma að fræðslu um umhverfismennt í öllu starfinu í skólanum. Á hverju hausti fer Umhverfisráðið í ferð í Sorpu þar sem starfsemi fyrirtækisins er kynnt og hvernig hægt er að endurnýta ýmsa hluti. Einnig fá þau með sér verkefnabók sem þau vinna ýmis verkefni tengd umhverfisvernd.



## Kynning á stefnunni

Skólinn hefur kynnt stefnu sína á heimasíðunni, þar eru settar inn fundargerðir umhverfiráðs og umhverfisnefndar, umhverfisstefna- eða sáttmáli skólans og hver deild segir frá sínu starfi í umhverfismálum og lætur myndir fylgja með. Í matsal skólans er veggur þar sem umhverfismenntin er sýnileg fyrir gesti og gangandi. Foreldrar eru fræddir um hvað sé að gerast í umhverfismálum á fundum sem haldnir eru innan skólans. Á skipulagsdögum kennara eru umhverfismálin rædd. Allir eru því vel meðvitaðir um hvað er að gerast í umhverfismálum í leikskólanum.



## Umhverfissáttmálinn

Umhverfissáttmáli Arnarsmára hljóðar svo; Við berum öll virðingu fyrir sjálfum okkur og náttúrunni og sýnum það í verki. Allir vita að umhverfisvernd og lýðheilsa eru eilífðarverkefni og betur má ef duga skal því framtíðin er barnanna. Lýðheilsa er í raun orðin hluti af menningu skólans og það er von starfsmanna að þeir geti stuðlað að betri og heilbrigðari heimi og þar af leiðandi sent börnin hraustari út í lífið, betur þenkjandi um heilbriggt líferni og náttúruna.





# Umhverfisgátlisti fyrir skóla á grænni grein

Skóli: Arnarsmári

Skólaárið: 2013-2014

## Innkaup / nýtni - til að spara auðlindir og minnka rusl

	já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Lögð er áhersla á að kaupa til skólans vandaða hluti sem endast vel.	x		
2. Pappír er sparaður;	x		
* skjöl sem eru meira en ein síða eru prentuð á báðar hliðar blaðs,	x		
* ljósritað er báðum megin á blöð,	x		
* afgangspappír er aðgengilegur þar sem verið er við vinnu,	x		
* afgangspappír er notaður sem risspappír eða í föndur,	x		
* umslög eru opnuð varlega, oft má nota þau aftur,	x		
* tölvupóst er notaður til samskipta eins mikið og mögulegt er,	x		
- innan skólans,	x		
- á milli heimila og skóla,	x		
* tauhandklæði eru notuð í stað pappírs þar sem mögulegt er,	x		
* tuskur eru notaðar í stað pappírs, svo sem eldhúspappírs, til að þurrka upp eða þrifa,	x		
* Systkinalisti yfir nemendur kemur í veg fyrir að bréf frá skólanum fari í mörgum eintökum inn á sama heimili.	x		
3. Rafhlöður eru sparaðar;	x		
* vasareiknar eru með sólarrafhlöðum,	x		
* hlaðanlegar rafhlöður eru notaðar í stað einnota.	x		
4. Mjólk og safi er keypt í stórum umbúðum;	x		

* fyrir starfsfólk,	x		
* fyrir nemendur.	x		
5. Þeir sem koma með nesti eru með það í boxum en ekki einnota pokum eða pappír.			Á ekki við
6. Aðeins eru notaðir fjölnota borðbúnaður og leirtau í skólanum.		x	Á fjölmennum samkomum skólans er einnota borðbúnaður notaður með fjölnota
7. Allir eru með sína merktu bolla til að draga úr uppvotti.	x		
8. Fyllt er á tónerhylki í prenturum í stað þess að kaupa ný.		x	
9. Gert er við það sem bilar eða skemmist frekar en að kaupa nýtt.	x		
10. Einnota hlutir, s.s. plastpokar í ruslafötur, eru ekki notaðir eða af ýtrustu sparsemi.	x		

## Meðhöndlun á rusli

	já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Flokkunarstöð er í skólanum aðgengileg öllum.	x		
2. Allir sem að skólanum standa þekkja reglur skólans um flokkun á rusli;			
* nemendur,	x		
* kennarar,	x		
* skólastjórnendur,	x		
* húsvörður,			Á ekki við
* allt annað starfsfólk skólans,	x		
* ræstingafólk,	x		
* foreldrar.	x		
3. Flokkað og sent til endurvinnslu er;			
* gæðapappír,	x		
* blandaður pappír,	x		
* fernur,	x		
* bylgjupappi,	x		
* gosílát ( <i>dósir og flöskur</i> ),	x		
* gler ( <i>krukkur o.fl.</i> ),	x		
* málmar ( <i>niðursuðudósir, sprittkertabotnar, málmafgangar</i> ),	x		
* rafmagnsvörur og tæki,	x		

* rafhlöður,	x		
* spilliefni ( <i>t.d. málningarafgangar</i> ),	x		
* flúrperur og sparperur ( <i>spilliefni</i> ),	x		
* föt og klæði,	x		
* kertaafgangar.	x		
4. Lífrænir afgangar eru jarðgerðir, af nesti, úr eldhúsum og sag frá smíðastofu.	x		



## Innkaup / rekstur - til að minnka mengun

	já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Keyptar eru vörur og efni með viðurkenndum umhverfismerkjum;			
* gólfhreinsiefni,			Á ekki við
* uppþvottalögur,	x		
* handsápa,	x		
* gólfbón,			Á ekki við
* pappír,	x		
* umslög,	x		
* tölvur og skrifstofutæki,	x		
* ísskápar (án KFK-efna, framleiddir eftir 1994) <sup>1</sup> ,	x		
* rafhlöður,	x		
* salernispappír,	x		
* eldhúspappír,	x		
* kaffisíur,			Á ekki við
2. Aðeins eru notaðar rafhlöður án kadmíum og kvikasilfurs t.d. alkaline eða NiMH rafhlöður.	x		
3. Gluggatjöld, og aðrir hlutir úr tauí, eru úr efni sem má þvo.	x		
4. Skrifffæri og skrifstofuáhöld eru keypt af yfirvegun, helst;			

1

KFK eru klór-flúor-kolefni. Slík efni leita hátt upp í andrúmsloftið og skemma ósonlag Jarðar en ósonlagið verndar Jörðina fyrir hættulegum útfjólubláum geilum sólar.

* ólakkaðir tréblýantar eða skrúfblýantar,	x		
* vatnsleysanlegt túss á pappír og töflur,	x		
* vatnsleysanlegt lím,	x		
5. Forðast er að kaupa plasthluti sem innihalda PVC. Lögð er áhersla á að plastvörur séu úr plasti sem hægt er að endurvinna (pólýester) eða brotnar niður í birtu (PP-plast) <sup>2</sup> ;			
* plastpokar,	x		
* límband, bókaplast,	x		
* plasthulstur, möppur,	x		
* glærur,	x		
* leir, kennaratyggjó.	x		
6. Öll sápa er notuð í hófi, á Íslandi er auðvelt að þvo úr heitu vatni.	x		
7. Notaðir eru örtrefjaklútar við hreingerningu.	x		
8. Forðast er að kaupa miklar umbúðir t.d. með því að kaupa inn í stórum einingum.	x		

<sup>2</sup> Plastefni eru mjög fjölbreytt. PVC myndar díoxín þegar það brotnar niður en díoxín er eitrað. Sumt plastefni er hægt að endurvinna eins og það í gosflöskunum og annað efni er viðkvæmt fyrir höggum og brotnar niður í sólarljósi. Mjög oft vantar hráfnisheiti á umbúðir sem gerir umhverfishæf innkaup erfið.

## Umhengni og nánasta umhverfi

	já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Enginn er á útiskóm inni.	x		
2. Áhersla er lögð á að hafa heilsusamlegt umhverfi innan húss t.d. góða loftræstingu.	x		
3. Öll hættuleg efni eru merkt á réttan hátt og geymd á öruggum stað (í ræstikompum, í náttúrustofu).	x		
4. Við bílastæðin eru skilti þar sem bílstjórar eru beðnir um að drepa á bílvél á meðan að beðið er (foreldrar, rútubílstjórar og flutningabílstjórar).	x		
5. Reglulega er farið um skólalóðina:			
* rusl tínt af lóðinni og því komið í viðeigandi förgun,	x		
* kannað hvort eitthvað er skemmt eða bilað og þá lagfært.	x		
6. Á skólalóð er ekki notað skordýra- eða plöntueitur.	x		
7. Leitast er við að hafa fjölbreytt umhverfi á skólalóð:			
* svæði með "landslagi" ekki síður en slétta velli,	x		
* haldið er í náttúrulegt umhverfi, grjót, gróður, vatn,	x		
* lögð er áhersla á að hafa sem fjölbreytilegastan gróður bæði tré og plöntur,	x		
* náttúrulegum plöntum úr nágrenninu er komið fyrir í viðeigandi umhverfi, þurrlendi, deiglendi, tjörn,			?
* grasflötum er haldið óslegnum, a.m.k. að hluta svo að plöntur fái dreift fræjum,	x		

* nemendur taka þátt í að rækta matjurtir í skólagarði,	x		
* fuglar eru laðaðir að skólalóðinni t.d. með því að;			
* gefa þeim í vetrarhörkum,	x		
* útbúa fyrir þá fuglahús,	x		
* rækta á lóðinni tré og runna ríkuleg af berjum.	x		
8. Nemendur eigna sér uppáhaldsstað.	x		
9. Nemendur "taka flag í fóstur".	x		
10. Skólinn tekur þátt í eða skipuleggur hreinsunardag hverfisins.	x		Á skólalóð og nánasta umhverfi hennar
11. Nemendur þekkja vernduð eða friðlýst svæði í nágrenninu og taka þátt í verkefnum þar.	x		

## Flutningar og ferðir

	já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Fólk er hvatt til að ganga/hjóla/koma í strætó í skólann;			
* nemendur,	x		
* kennarar og annað starfsfólk,	x		
* foreldrar.	x		Einungis þegar átakið Hjólað í vinnuna var í gangi
2. Þeir sem koma á bílum leitast við að samnýta bíla.		x	
3. Á skólalóðinni er aðstaða til að geyma hjól undir skyggni.		x	
4. Innkaup og vöruflutningar til skólans eru vel skipulagðir til að halda flutningum í lágmarki.	x		
5. Keyptar eru íslenskar vörur eins og mögulegt er.	x		
6. Forðast er að kaupa vörur/matvæli sem hafa verið fluttar inn frá fjarlægum löndum.	x		



# Orka og vatn

	já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Gluggatjöld eru;			
* dregin frá þegar bjart er til að nýta dagsbirtuna,	x		
* en dregin fyrir þegar dimmt er og um nætur til einangrunar.	x		
2. Notaðar eru sparperur í stað glópera.	x		
3. Dregið er úr lýsingu þar sem hægt er t.d. með að fækka perum í ljósastæðum í lofti.	x		
4. Ljós eru slökkt þar sem enginn er.			Skv. ráðum rafvirkja borgar sig ekki að slökkva sum ljós
5. Ljós eru slökkt þar sem dagsbirtan nægir.	x		
6. Skrifstofutæki skólans (t.d. tölvur og ljósritunarvélar) fara sjálfkrafa í orkusparandi stillingu þegar þau eru ekki í notkun.	x		
7. Slökkt er á tölvum og tækjum yfir nótt og í fríum.		x	Tölvudeild mælir ekki með því nema um helgar og í fríum
8. Lækkað er á ofnum og slökkt á loftræstingu í öllum fríum.	x		
9. Fylgst er reglulega með rafmagnsnotkun í skólanum.	x		
10. Fylgst er reglulega með notkun á heitu vatni.	x		

11. Fylgst er reglulega með notkun á köldu vatni.	x		
12. Þvotta- og uppvottavélar eru fylltar áður en þær þvo.	x		
13. Vatn er ekki látið renna að óþörfu og strax gert við leka krana.	x		
14. Ef endurnýja þarf klósett er keypt vatnssparandi klósett.	x		
15. Leitast er við að nýta vatn af þökum t.d. til að viðhalda tjörnum og votlendi á skólalóð.			Á ekki við

## Kynning og menntun

	Já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Umhverfisstefna skólans er skýr og öllum aðgengileg.	x		
2. Nýir nemendur í skólanum eru strax fræddir um umhverfisstefnu skólans.	x		
3. Foreldrar eru vel upplýstir um umhverfisstefnu skólans og minntir á hana við og við.	x		
4. Nýtt starfsfólk skólans fær strax kynningu á umhverfisstefnu skólans.	x		
5. Umhverfismennt er samþætt skólanámskrá skólans í;	x		
* 1. bekk,			
* 2. bekk,			
* 3. bekk,			
* 4. bekk,			
* 5. bekk,			
* 6. bekk,			
* 7. bekk,			
* 8. bekk,			
* 9. bekk,			
* 10. bekk.			
6. Nemendur fá markvissa útikennslu til að læra að þekkja og bera virðingu fyrir nánasta umhverfi skólans og hverfisins.	x		

7. Við slökkvara og rafmangstæki er fólk minnt á að slökkva.		x	
8. Í anddyri skólans er tafla þar sem hengdar eru upplýsingar og auglýsingar um umhverfismál.	x		Reyndar í miðrými skólans
9. Nemendur læra um pappír (og önnur efni).			
* hvernig pappír er framleiddur	x		
* hvernig sé hægt að spara pappír	x		
* hvernig pappír er enduruninn	x		
10. Nemendur fá þjálfun og leiðsögn í almenningisíþróttum og útivist;			
* gönguferðum,	x		
* hjólreiðum,	x		
* ganga á skíðum		x	
* skauta (úti).		x	
11. Skólinn hvetur til sérstakra þemadaga í hverfinu, göngu-, hjólreiða-, útivistar- eða hreinsunardaga.		x	

## Skrefin sjö að Grænfánanum

	já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Í skólanum starfar umhverfisnefnd.	x		
2. Í skólanum hefur staða umhverfismála verið metin.	x		
3. Gerð hefur verið áætlun aðgerðir og markmið.	x		
4. Stöðugt eftirlit og endurmat er í gangi.	x		
5. Nemendur fá fræðslu um umhverfismál.	x		
6. Skólinn kynnir stefnu sína út á við og fær aðra með.	x		
7. Skólinn hefur sett sér umhverfissáttmála.	x		